Námskeið um rétta aflameðferð um borð í smábátum

Landssamband smábátaeigenda og Matís efna á næstu dögum til námskeiða um bætta aflameðferð. Þar munu sérfræðingar Matís halda fyrirlestra um meðferð afla, hvernig skuli umgangast hann þannig að hæsta verð fáist við sölu hans og neytendur verði ánægðir með gæðin.

Afli smábáta er ferskasta hráefni sem völ er á, en til að tryggja enn betur að fiskvinnslan og neytendur fái sem bestan fisk í hendurnar er mikilvægt að smábátasjómenn þekki vel hvaða þættir hafa helst áhrif á gæðin.

Eins og fyrr segir munu Matís og Landssamband smábátaeigenda standa fyrir námskeiðunum sem haldin verða víðsvegar um landið á næstu vikum.
Námskeiðin eru opin öllum og er þátttaka gjaldfrjáls.
Hvert námskeið tekur 2-3 klst.

Næstkomandi miðvikudag 20. Apríl kl 20:00 verður námskeið haldið í Hótel Framtíð á Djúpavogi

LS hvetur félagsmenn sína til að nýta sér þetta tækifæri og bæta þannig við þekkingu sína á þessu sviði.



Matis ohf. · Reykjavik · Iceland · Tel. +354 422 50 00 · Fax +354 422 50 01 · matis@matis.is · www.matis.is